



Herdís Þorvaldsdóttir og Rúrik Haraldsson í hlutverkum sínum í Gamaldags komedíu.

Nýtt verk hjá Þjóðleikhúsinu:

Gamaldags komedía

Frumskýning í Neskaupstað

A sunnudaginn frumsýnir Þjóðleikhúsið Gamaldags komedíu eftir sovéskan rithöfundinn Alesej Arbuzov sem nú er búsettur í París. Leikstjóri er Benedikt Arnason en leikendur eru aðeins tveir, þau Herdís Þorvaldsdóttir og Rúrik Haraldsson. Frumsýningin verður í Neskaupstað.

Sveinn Einarsson þjóðleikhússtjóri sagði á blaðamannafundi í gær að frumsýning þessa verks í Neskaupstað væri líður í að reyna að koma upp þeirri hefð að frumsýna a.m.k. eitt verk á ári utan Reykjavíkur. Neskaupstaður væri valinn að þessu sinni vegna 50 ára afmælis hans. Önnur sýning á verkinu verður í Neskaupstað á mánudag og síðan verður sýning á Höfn í Hornafirði og Egilsstöðum og víðar en sýningar í Þjóðleikhúsinu verða ekki fyrr en á næsta leikári.

Gamaldags komedía er samín árið 1975 í hefðbundnum stíl og gerist við sjávarsiðuna hjá Rígu, í ágúst 1968. Hún hefur verið sýnd víða um lönd.

Höfuðpersónurnar eru læknir og dvalargestur á heilsuhæli og sagði Benedikt Arnason að verkið fjallaði um það hvernig mannleg samskipti geta þróaðast og dafnað alveg fram í rauban dauðann og þó að minningin væri ágæt fyrir eldra fólk væri hún þó ekki nóg. Herdís Þorvaldsdóttir, annar leikendur, sagði við sama tækifæri að leikritið væri ákaflega fínlegt með gamansömu ívafi.

Þýðandi Gamaldags komedíu er Eyvindur Erlendsson, Jón Benediktsson gerði leikmyndina sem er ákaflega einföld og táknræn, dans æfði Ingibjörg Björnsdóttir en Guðrún Svava Svavarsdóttir aðstoðaði við val búninga.

— GFR

Hópur vísindamanna á sviði lyfjarannsóka við Edinborgarháskóla í Skotlandi hefur nú á þessum vetri gert merka uppfirringu, þegar rannsóknir hans leiddu í ljós að hægt er að vinna lyf úr fiski gegn þrálatum sjúkdómi, sem ekki hefur verið hægt að ráða við til þessa.

Sjúkdómur þessi nefnist „Alzheimer“ og veldur minnisleysi hjá fólki oft við 50 og 60 ára aldur. Mótefnið sem vísindamennirnir fundu gegn sjúkdómi þessum er að finna í fiski sem nefnist „Choline“, og er það talið áhrifaríkt gegn fyrirnefndum sjúkdómi.

Ný starfsemi á vegum Reykjavíkurborgar:

Vistun fyrir þroskaheft börn

Í gær efndi Félagsmálaráð Reykjavíkurborgar til kynningar á vistheimilinu við Dalbraut. Þar er að hefjast ný starfsemi, búið er að sameina tvö upptökuheimili borgarinnar og nú er boðið upp á skammtímadvöl fyrir sex þroska-



Félagsmálaráð kynnti vistheimilið við Dalbraut fyrir gestum og blaðamönnum í gær. (Ljós. Gerður.)

Ráðherrunum til skammar, segja skipstjórar

Þjóðviljanum barst í gær eftirfarandi ályktun fundar í Skipstjóraráð Íslands:

A fundi Skipstjóraráðsins, þar sem viðstaddir voru 25 starfandi skipstjórar á farskipum, í gærkvöld var eftirfarandi ályktun samþykkt með öllum greiddum atkvæðum:

„Fundur haldinn í Skipstjóraráð Íslands þriðjudaginn 15. maí 1979 mótmælir afskiptum ríkisstjórnar af yfirstandandi kjara-deilu. Fundurinn átelur harðlega ummæli og afskipti einstakra ráðherra og telur að þeir ráðherrarnir hafi ekki kynnt sér málavexti á hlutlausan hátt. Þessi afskipti ráðherranna, séu þeim einum til skammar.“

Verði sett lög, sem tilraun til að hindra framhald þessarar vinnudeilu, skorar fundurinn á alla farmenn að standa saman.“

heft börn á aldrinum 0 — 12 ára.

Félagsmálaráð Reykjavíkur ásamt starfsmönnum hússins buðu gestum og blaðamönnum að skoða húsið sem er nýinnréttað.

Gerður Steinþórsdóttir formaður Félagsmálaráðs bauð gesti velkomna og gerði grein fyrir þeim breytingum sem gerðar hafa verið. Í húsinu er pláss fyrir 26 börn, þar af sex þroskaheft.

Markmiðið er að létta á heimilum þessara barna og gefa aðstandendum þeirra möguleika á frii og hvíld. Við undirbúning var haft samráð við Landsamtökin Þroskahjálpar og er ætlunin að hafa sem best samstarf við þau félög sem sinna málefnum þroskahefta.

Aðdragandi þessara breytinga var sá, að við undirbúning fjárhagsáætlunar Reykjavíkur kom í ljós að mikill kostnaður var við rekstur heimilanna við Dalbraut og upptökuheimilisins við Dyngjuveg, en nýting hins vegar slæm. Það var ákveðið að sameina heimilin og spörðust við það 12 milljónir króna.

Heimilið skiptist í tvær deildir, yngri og eldri deild. Auk svefnherbergja er þarna setustofa og leikherbergi, sérstök leikherbergi

í sal og smíða- og föndurherbergi í kjallara hússins.

Gestir gengu um húsið í fylgd forstöðumannsins Róberts Sigurðssonar og fleira starfsfólks.

Húsið er mjög vistlegt enda sagði forstöðumaðurinn að allt væri gert til að börnin mættu una sér sem best og vera í heimililegu umhverfi.

Meðan gestir gæddu sér á kaffi og meðlæti léku börnin sér úti í

garði í veðurblíðunni.

Undir borðum þakkaði Margrét Margeirsdóttir formaður Landsamtakanna Þroskahjálpar veittan stuðning við þroskahefta og sagði að verið væri að bæta úr brýnni þörf, þetta væri ánægjuleg þróun.

Gerður Steinþórsdóttir þakkaði að lokum fyrir veitingarnar og árnaði heimilinu og starfsfólki heilla í framtíðinni.

—ká

Hví ekki leigubíla fyrir ráðherra?

Þjóðviljinn hefur fregnað að Fjárhags- og viðskiptanefnd efri deildar hafi að tillögu Geirs Gunnarssonar alþingismanns óskað eftir við Hagsýslustofnun að hún kanni hver sé heildarkostnaður ríkissjóðs vegna bíla-kostnaðar ráðherranna.

Er óskað eftir að reiknað sé út hver sé kostnaðurinn ef: 1) Bílarnir eru eign ráðherra en rekstrarkostnaður borgaður af ríkinu

eins og er nú. 2) Bílarnir verði í eigu ríkisins. 3) Leigubílar verði notaðir þegar ráðherrar þurfa að sinna embættiserindum.

Hugmyndin um leigubíla hefur ekki áður komið opinberlega fram, en við fyrstu sýn virðist sá möguleiki getað orðið kostnaðarminnstur fyrir ríkissjóð. Já, hvers vegna ekki bara leigubíla, það hafa allavegana blaðamenn látið nægja sér hingað til blöðunum til stórsparnaðar.

Rætt við ÁSGERÐI BÚADÓTTUR um „Norræna Textilttriennalinn 1979-80“

8 íslensk verk á vefjalistarsýningu

Atta listaverk íslenskra vefara verða á norrænni listvefnadarsýningu sem hefst á Röhsska listiðnaðarsafninu í Gautaborg 20. júlí í sumar. Þetta er önnur sýning Norræna Textilttriennalsins 1979-1980, en sú fyrri var á Kjarvalsstöðum fyrir þremur árum.

Ásgerður Búadóttir á sæti í vinnunefnd Textilfélagsins sem undirbyr sýningar sem þessa. Við náðum tali af henni og báðum hana að segja okkur undan og ofan af undirbúningi:

— Eins og nafnið bendir til á þessi sýning að vera þriðja hvert ár sem farandsýning. Þetta er önnur sýningin. Hún hefst í Gautaborg 20. júní í sumar, en þaðan fer hún til Kaup-

mannahafnar, Helsinki, Oslóar og Þórshafnar, en endar svo á Kjarvalsstöðum í apríl á næsta ári.

A fundi sem haldinn var í Gautaborg síðast líðið haust var ákveðið að þriggja manna dómnefnd yrði kosin í hverju landi fyrir sig, en ekki samnorræn dómnefnd eins og síðast, og að dómnefndarstörfin færu fram í öllum löndum á sama tíma, sem var nú í byrjun maí. Það var líka ákveðið á þessum fundi að reyna að hafa sýninguna ekki eins stóra og síðast, þá voru verkín 116, en takmarka hana núna við 95 verk, og að hver mætti senda inn tvö verk.

Dómnefnd hefur nú lokið störfum og voru send inn 27 verk

eftir 19 höfunda. Atta íslensk verk voru valin, og eru höfundarnir: Ragna Róbertsdóttir, Þorbjörg Þórðardóttir, Hildur Hákonardóttir, Guðrún Auðunsdóttir, Guðrún Þorkelsdóttir, Gerða Geirsdóttir og Ásgerður Búadóttir.

Flest verkin eru myndvefnadur, eitt er tauprykk og eitt „vefskulptúr“.

Í dómnefndinni sátu Hörður Agústsson listmálari, Hrafnhildur Schram listfræðingur og Magnús Pálsson myndlistarmaður.

Undirbúningsnefndunum var falið að sækja um styrki hver í sínu landi í sameiginlegan triennalsjóð sem er að uppi-



Ásgerður Búadóttir.

stöðu frá Norræna menningar-sjóðnum.

Þeim hinum hefur gengið vel að fá styrki frá sínum menningarstofnunum, en okkur ekki.

Hvorki menntamálaráðuneytið né menntamálaráð gátu lofað okkur neinu, að minnsta kosti ekki á þessu ári.

Við stóðum því uppi eina þjóðin með engan styrk. Þá varð það okkar lán að góður maður benti okkur á iðnþróunarsjóð og sóttum við þangað. Þeir veittu okkur góðan styrk sem mun duga okkur vel til að byrja með.